

## **Umsögn**

um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum

(bann við myndatökum og hljóðupptökum í dómhúsum),

140. mál,

150. löggjafarþing 2019–2020.

Febrúar 2020

# AFSTAÐA

FÉLAG FANGA OG ANNARRA ÁHUGAMANNA  
UM BÆTT FANGELSISMÁL OG BETRUN

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, telur að með umræddu frumvarpi, sem á rætur sínar að rekja til frumvarps Sivjar Friðleifsdóttur, þáverandi þingmanns Framsóknarflokks, sem lagt var fram á 141. löggjafarþingi, sé stigið stórt skref í átt til þess að fjölmiðlum landsins verði gert að virða 71. gr. og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 en í umræddum greinum er fjallað um rétt fólks til friðhelgi einkalífs og til þess að teljast saklaust þar til sekt er sönnuð. Hvetur Afstaða því Alþingi til að samþykkja frumvarpið óbreytt og standa þannig vörð um friðhelgi einkalífs og persónuvernd.

Þrátt fyrir þá meginreglu að þinghöld fyrir íslenskum dómstólum skuli háð í heyranda hljóði, sbr. 10. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2009, er ekki þar með sagt að fjölmiðlar hafi skotleyfi á saklaust fólk sem svara þarf til saka. Sú hegðun að hundelta sakborninga á leið sinni í og úr þinghöldum í dómhúsum landsins til þess að ná af þeim ljósmyndum og myndböndum er ekkert annað en gróft brot á friðhelgi einkalífs og til þess gert að stimpla viðkomandi seka um eitthvert athæfi um aldur og ævi þrátt fyrir að hafa ekki hlotið dóm. Og oftar en ekki eru það fjölskyldur viðkomandi sem bera alla vega, ef ekki meiri, skaða af myndbirtingum sem þessum. Einelti í skólum, starfsmisur, útskúfun úr vinnuhópum og áfallastreituröskun eru bara örfá brot birtingarmyndar þessa. Í því samhengi skal á það bent að netið gleymir engu og umræddar myndir hverfa ekki þrátt fyrir sýknudóma. Auk þess eru mýmörg dæmi um að fjölmiðlar hafni beiðnum um að myndir séu fjarlægðar úr fréttum eða myndabönkum sínum.

Að þessu sögðu skal á það minnt að dómstólar hafa samkvæmt stjórnarskrá þáð hlutverk að dæma um sekt eða sýknu og svo er það Fangelsismálastofnunar að fylgja refsingum eftir. Einhvers staðar hefur aftur á móti sá misskilningur orðið til, og fjölmiðlar trúáð honum sem nýju neti, að það sé tilgangur fjölmiðla að rannsaka, ákæra, dæma og fylgja refsingum eftir út í hið óendanlega. Refsing fjölmiðla vofir einmitt áfram yfir þrátt fyrir að viðkomandi hafi afplánað dóm sinn og tekið út sína refsingu samkvæmt réttarreglum þeim sem almennt gilda í landinu.

Gagnrýni fjölmiðla á frumvarp þetta er algjörlega úr lausu lofti gripin enda hafa samskonar reglur gilt bæði í Danmörku og Noregi án þess að umfjöllun um dómsmál í þessum löndum hafi beðið hnekki. Samþykkt frumvarpsins hefur engin áhrif á getu fjölmiðla til að veita dómskerfinu aðhald enda í engu um að ræða takmörkun á

# AFSTAÐA

FÉLAG FANGA OG ANNARRA ÁHUGAMANNA  
UM BÆTT FANGELSISMÁL OG BETRUN

fréttaflutningi af dómsmálum auk þess sem fjölmiðlar fá eftir sem áður að taka myndir af sakborningum og ræða við þá, aðeins með þeirra samþykki.

Fulltrúar Afstöðu eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma fyrir allsherjar- og menntamálanefnd til að fara betur yfir málið og svara þeim spurningum sem nefndarmenn kunna að hafa.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Afstöðu,

---

Guðmundur Ingi Þóroddsson  
formaður Afstöðu